



EFTIRLITSSKÝRSLA

Dagsetning 16.8.2011
Fyrirtæki Sorpurðun
Borgarfjarðarhrepps, Brandsbölum
Heimilisfang Borgarfjarðarhreppur,
Hreppsstofa 720 Borgarfjöldur
Kennitala 480469-3549
Isat nr.
Starfsemi Urðun úrgangs

Fulltrúi UST: Helga Hreinsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi HAUST, f.h. UST
Starfsleyfi, gildir til 1.2.2017
Tegund eftirlits Reglubundið eftirlit
Fulltrúar fyrirtækis Björn Skúlason,
yfirmaður í áhaldahúsi sveitarfélagsins
Staðsetning starfstöðvar (hnit)
65° 31,031'N, 13° 49,245'W (ISN93:
739.320, 567.468)

Umhverfisstofnun vinnur starfsleyfi fyrir starfsemina og fer með beitingu þvingunarúrræða en hefur falið HAUST að viðhafa eftirlit með starfseminni með sérstökum samningi þar um.

Eftirlit með starfseminni fór fram í samræmi við reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit m.s.br. Myndir teknar á vettvangi fylgja aftan við skýrsluna.

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Það er mat heilbrigðisfulltrúa að starfsemin á vettvangi sé í samræmi við ákvæði starfsleyfis að svo miklu leyti sem það á við.

UMFANG EFTIRLITS

Gengið var um urðunarsvæðið, skoðað í gryfjur og merkingar við gryfjur sem og frágang við þær.

FRÁVIK OG ATHUGASEMIDR

Athugasemd 1:

Hlerar yfir urðunargryfjum voru nokkuð slitnir. Lok vantaði á einn þeirra. Í eftirlitsferðinni útskýrði fylgdarmaður að vegna veikinda hjá starfsmönnum sveitarfélagsins hafi tafist að viðhalda aðstöðunni. Í samtali við sveitarstjóra nýverið fékkst staðfest að búið er að lagfæra hlerana.

Athugasemd 2:

Ekki var með skoðun staðfest að fyrir lægju viðbragðsáætlun og neyðaráætlun sbr. liðir 3.4 og 3.5 í starfsleyfi. Starfsleyfishafi er hvattur til að útbúa slíkar áætlanir ef þær eru ekki þegar fyrirbyggjandi og senda afrit til HAUST fyrir 10.10. nk.

Önnur atriði:

Í sveitarfélaginu fer fram ítarleg flokkun úrgangs og hafa miklar framfarir orðið í úrgangsmálum á undanförunum árum.

Skráningar á magni úrgangs skv. lið 3.1 í starfsleyfi hafa verið sendar árlega til Umhverfisstofnunar. Óskað er eftir að afrit verði sent til HAUST, sbr. liður 3.6

Annað ekki.

Ef aths. eða fyrirspurnir vakna vegna starfsleyfis, fylgigagna eða þessa bréfs, sem og ef starfsleyfishafi hefur ástæðu til að neyta andmælaréttar skv. stjórnslulögum 37/1993 skal það gert skriflega innan 14 daga frá dagsetningu þessa bréfs.

25.9.2011
Virðingarfyllst,

Helga Hreinsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi

Myndir teknar í eftirlitsferð 16.8.2011 á Brandsbölum.



Garðaúrgangi er safnað á afmörkuðu svæði innan urðunarstaðarins



Hlerar yfir urðunargryfjum eru orðnir nokkuð slitnir og hvatt til lagfæringa á þeim.



Séð ofan í gryfjur með blönduðum úrgangi.



Góður frágangur á svæðum sem búið er að urða í, sbr. gr. 2., í starfsleyfi,